

## Þegar sjóða þarf neysluvatn

Þegar neysluvatnið er mengað af sjúkdómsvaldandi gerlum, veirum eða sníkjudýrum er nauðsynlegt að hreinsa allt vatn sem á að drekka eða nota við matargerð. Algengast er að sjóða neysluvatnið og drepa með því eða gera óvirka þá meinvalda, sem er að finna í vatninu. Ábending um að sjóða neysluvatn kemur oftast frá heilbrigðiseftirliti vegna gruns um eða að fenginni staðfestingu á að vatnið sé mengað.

Þegar gefin er út viðvörun og notendum bent á að sjóða neysluvatn er rétt að hafa eftirfarandi í huga.



### Að sjóða neysluvatn

Vatnið þarf að bullsjóða. Hraðsuðuketill bullsýður vanalega vatnið þegar hann slekkur á sér og það er nægilegt. Ef notaður er örbylgjuofn verður að ganga úr skugga um að vatnið bullsjóði.

### Soðið vatn

Allt vatn sem drukkið er þarf að vera soðið. Einnig er nauðsynlegt að sjóða vatn sem nota á;

- til matargerðar, þegar matvælin verða ekki soðin eða steikt (hitameðhöndluð yfir 100°C), eftir þvott eða aðra meðhöndlun í vatni s.s. við skolun á grænmeti og ávöxtum
- til íblöndunar safa, annarra drykkja eða matvæla, sem neytt er án eldunar
- til kaffilögunar, ef kaffivélin sýður ekki vatnið við uppáhellinguna þarf að setja soðið vatn í hana
- til ísmolagerðar
- til tannburstunar
- til böðunar ungbarna
- til lofræstingar s.s. í rakatæki

Þessi listi er ekki tæmandi og verður hver og einn að meta það hvort hætta sé á ferðum sé vatnið notað ósoðið.

### Ósoðið vatn

Nota má ósoðið vatn;

- til matargerðar s.s. til skolunar á matvælum, sem munu síðar vera elduð
- til uppbvotta í vél eða höndum og er þá leirtau þurrkað eða látið þorna fyrir notkun
- til handþvotta
- til baða, í baðkari eða sturtu en rétt að brýna fyrir börnum að drekka ekki vatnið
- til tauþvotta
- til þrifa.